



Sé málið lagt fyrir á þennan hátt kann að virðast einfalt mál að fordæma prófkjörin, kalla þau skrípamynd af lýðræði eða eitthvað af því tagi. En í raun og veru eru þetta sömu annmarkar og fylgja öllum aðmennum kosningum

Um prófkjör

Það er ekki laust við að mér hafi stundum hrosið hugur við því í vetur að sjá Moggann og Þjóðviljann fallast í faðma yfir því hvað prófkjörin séu bölvuð. Að visu hef ég ekki séð mikið af Mogganum, en ég hef horft upp á Þjóðviljann taka andmæla-laut og fagnandi upp úr honum fyluköst hans eftir ósigur Geirs í prófkjörinu í vetur. Þjóðviljinn hefur hins vegar ekki lagt mikið fram til umræðunnar um prófkjörin sjálfur, og er það auðvitað ósæmandi í eina dagblaðinu sem flytur að staðaldrí einhverja alvarlega stjórnmála-umræðu. Hvort sem okkur líkar betur eða verr við prófkosningar eru þær skyndilega orðnar fyrirferðarmikill hluti af íslensku stjórnmálalífi, og við hljótum að fjalla um þær. Ég ætla þó að láta mér nægja nokkra lítt grundaða hugleiðingu að sinni.

Þrír flokkar sem nú eiga fulltrúa á þingi, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur, hafa gert prófkjör að ríkjandi aðferð til að velja frambjóðendur sína bæði til alþingis og sveitarstjórna. Alþýðubandalagið hefur aðeins reynt forval meðal flokksbundinna manna í einu kjördæmi og haft prófkjör í einu sveitarfélagi fram að þessu, svo að mér sé kunnugt. Samtökin hafa enga tilburði sýnt til prófkjörs svo ég viti, og litlar líkur virðast til að þeim endistaldur til að taka það upp. Ég ætla því að spara mér að tala meira um þau hér. Engar líkur eru til að þeir flokkar sem hafa tekið prófkjör í notkun muni leggja þau niður á næst-

unni, þrátt fyrir sár vonbrigði einstakra forystumanna þeirra. Þessir flokkar munu því gefa kjósendum pólitísk áhrif sem Alþýðubandalagið hefur ekki fundið ráð til að veita kjósendum sínum. Við það verður ekki unað til lengdar. Sem sósíalískur flokkur hlýtur Alþýðubandalagið jafnan að setja sér að ganga á undan í öllu því sem lýtur að auknu lýðræði.

Vitaskuld er auðvelt að benda á að prófkjörin eru ófullkomið tæki til lýðræðislegra ákvarðana. Metnaðarfullir frambjóðendur geta sótt sér fylgi meðal stuðningsmanna annarra flokka, og hafa sumir sannanlega notað sér það furðu blyðunarlaust í vetur. Fjármagn og tími til kosningaárðurs hlýtur oft að ráða miklu um gengi frambjóðenda, svo að ekki sé minnst á mismunandi hæfni þeirra til að skrúma og smjæðra fyrir kjósendum. Kosningarnar vilja verða persónulegar fremur en málefnalegar. Þeir eru orðnir ófáir auglýsingapésarnir sem hafa komið í póstkassann minn þennan prófkjörsvetur með glæsilegum myndum af þröðubúnum frambjóðendum, en þeir hafa sagt mér afar lítið um það hvað þetta sparibúna fólk ætlar að gera á alþingi eða í borgarstjórn.


Sé málið lagt fyrir á þennan hátt kann að virðast einfalt mál að fordæma prófkjörin, kalla þau skrípamynd af lýðræði eða eitthvað af því tagi. En í raun og veru eru þetta sömu annmarkar og fylgja öllum almennum kosningum. Þar skiptir fjármagn og lýðskrum líka allt of

miklu máli um úrslitin. Fulltrúakjör er yfirleitt heldur ófullkomið leið til að koma fram lýðræði, en við tökum samt flest þátt í því og leggjum sum hver bæði fé og vinnu fram til að hafa áhrif á það. Það er varla stætt á því að hafna prófkosningum sem ómerkilegum skripaleik en láta eins og allt sé komið undir úrslitum kosninga milli flokka. Að sumu leyti kunna annmarkar fulltrúakosninga að koma grimmilegar í ljós við prófkjör en flokkakjör, en á móti því ber að meta það að prófkjörin eru beinna, millilíðalausara og að því leyti virkara tæki til að koma vilja kjóсандans fram.

Hér kann einhver að andmæla og segja að það sé stefnan og flokkurinn sem heldur hemmi fram sem skipti máli, ekki þeir menn sem komi fram sem fulltrúar hennar. Víst er það rétt svo langt sem það nær, en öll vitum við samt að mikill munur er á stefnu einstaklinga innan allra flokka. Leið almennings til að hafa pólitísk áhrif er ekki hvað síst fölginn í því að hafa áhrif á val þeirra sem stjórna flokknum og koma fram sem fulltrúar hans.

Ég teldi því ekki áhorfsmál fyrir Alþýðubandalagið að taka upp prófkjör eins og hinir flokkarnir ef það væri í sömu aðstöðu og þeir. Þá gæti ég hella mér yfir forystumenn flokksins fyrir að hafa synjað okkur fylgismönnum hans um rétt sem fylgismenn annarra flokka njóta. En málið er ekki svo einfalt: Alþýðubandalagið hefur óþægilega sérstöðu í þessu máli.

Gunnar Karlsson,
lektor:



Sjálfstæðisflokkurinn hefur mikla forréttingaáðstöðu til að ákveða frambod sín með prófkosningum. Kjósendur flokksins eru víðast hvar svo margir að þeir hljóta jafnan að ráða mestu um úrslit prófkosninga. Þó að einhverjir frambjóðendur reyni að drygja fylgi sitt með því að biðla til kjósenda annarra flokka dugir það þeim ekki nema þeir eigi verulegt fylgi meðal kjósenda eigin flokks.

Framsóknarflokkurinn er óvilda í þessari aðstöðu og Alþýðuflokkurinn hvergi. Víðast hvar geta sjálfstæðismenn ráðið mestu um það hverjir eru í frambodinu fyrir þessa flokka ef valið er með opnum prófkjörum. En óvíst er hvort það gerir þessum flokkum svo ýkja mikið til. Stefna þeirra er ekki svo frábrugðin stefnu Sjálfstæðisflokksins í raun að það þurfi að skipta miklu máli hvort frambjóðendur þeirra eru valdir af eigin flokksmönnum eða sjálfstæðismönnum. Þessir flokkar eru líka oftast í stjórnsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn, annar hvor eða báðir, og virðast ekki ætla sér neitt annað. Því eru sjálfstæðismenn líklegir til að velja þeim samilega geðslega frambjóðendur, eftir því sem þeir eru í boði. Um Alþýðubandalagið gegnir allt öðru máli. Það er, og verður vonandi framvegis, tregur og erfiður samstarfsaðili með hinum flokkunum. Öll áhrif þeirra á fulltrúaval þess hljóta að stefna að því að sveigja það af braut sinni og draga úr því tennurnar. Auk þess hef ég grun um að

á dagskrá

margir fari dult með fylgi sitt við Alþýðubandalagið vegna margvislegra ofsókna sem sósíalistar mega jafnan þola. Þess vegna er hætt við að kjósendur flokksins væru margir hverjir tregir til að sýna hug sinn með því að sækja prófkjör hans.

Af þessum sökum get ég ekki hvatt til þess að sinni að bandalagið taki upp opin prófkjör. Það verður að leita annarra leiða. Ein leiðin væri hin bandaríska prófkjörsaðferð, að hafa sameiginlegt prófkjör allra flokka, þannig að enginn fái að kjósa hjá nema einum flokki. Þessi aðferð hefur þann afleiða galla að hver kjósendi verður að gefa upp hvaða flokki hann fylgir: með henni eru leynilegar kosningar í rauninni afnumdar. Það er allt of stórt skref til baka á lýðræðisbrautinni. Betri kostur er vafalaust forvalsaðferðin sem Alþýðubandalagið í Reykjaneskjördæmi notaði nú í vetur. Hún hafði þann mikla kost að fólk fékk tækifæri til að stinga upp á frambjóðendum án nokkurrar tilnefningar. En forvalið náði aðeins til flokksbundinna alþýðubandalagsmanna. Víst má segja að vilji fólk ráða einhverju um val á frambjóðendum flokks sé það ekki of gott til að ganga í hann. En t.þ.a. þessi aðferð komi að verulegu gagni þarf tala flokksbundins fólks að margfaldast, og getur vel verið hægt að finna leiðir til þess. Loks er sá kosturinn sem iðulega hefur verið hreyft að fella prófkjörin inn í sjálfar kosningarnar með því að láta kjósendur um að ráða frambjóðendum á frambodslistunum um leið og þeir kjósa. Að öllu samanlögðu hygg ég að þessi kostur sé bestur og vil því hvetja fulltrúa okkar á alþingi að knýja fast á að koma einhverri slíkri kosningaáðferð á. Takist það ekki á næsta kjörtímabili verður að gera átak til að láða fólk inn í félög Alþýðubandalagsins og láta það þar um að ákveða hverjir verða í kjöri þegar kosið verður aftur.

(7. mars 1978).

Kattavínafélagið:

Aðalfundur og söngskemmtun

Kattavínafélag Íslands heldur aðalfund sunnudaginn 12. mars n.k., kl. 13.30, í Víkingasal Hótel Loftleída. Venjuleg aðalfundarstörf.

Kl 15.00 hefst kaffisala með kökum fyrir almenning til styrktar fyrirhuguðu gistiheimili fyrir kettil.

Skemmtiatriði:

1. Einsöngur, Magnús Magnússon tenór, nemandi Guðrúnar A. Simonar.

2. Tvisöngur, Þuríður Páldóttir og Guðrún A. Simonar syngja Kattadúettinn eftir Rossini.

3. Einsöngur, Oddur Guðmundsson, bassi, nemandi Guðrúnar A. Simonar.


4. Kvæðasöngur, Margrét Hjálmarasdóttir kveður rimur.

5. Tvisöngur, Guðrún A. Simonar og Oddur Guðmundsson.

6. Hinn talandi siamskóttur „Mimi“ kemur í heimsókn. Undirleik annast Kolbrún Sæmundsdóttir.

Fjöldmennið og styrkið gott málefni.

Stjórnin.
(Fréttatilkynning.)



Skarðatung eftir Ásgerði Búadóttur, gert 1976, í eigu Listasafns Íslands.

Ásgerður Búadóttir fær lof í Danmörku

Fyrir skömmu lauk í Kaupmannahöfn árlegri listsýningu „Koloristerne“, sem eru ein elstu og virtustu sýningar samtök Dana, og var Ásgerður Búadóttir gestur sýningarinnar, ein

erlendra listamanna. Er það í annað sinn sem „Koloristerne“ bjóða henni að sýna með sér, en hið fyrra var 1975.

Sýningin var að venju haldin í sýningabyggingunni „Den Frie”

við Austurport, og þykir hún jafnan mikill listviðburður, enda hafa „Koloristerne“ sýnt árlega síðan 1932 og telja innan vébanda sinna marga fremstu listamenn Dana. Meginstofn sýningarinnar var að venju málverk, höggmyndir og svartlist, en tveir myndvefarar áttu verk á henni, auk Ásgerðar, þær Franka Rasmussen og Framhald á 18. síðu

Atvinnulaus

Framhald af bls. 20.

vinnustöðum, að kvenfólk sé rekið þegar það er að komast af byrjunarlaunum?

Ég veit það ekki, en það er

alltaf nóg af umsækjendum um slíka vinnu.

— Hvernig gekk brottreksturinn fyrir sig?

Ég fór niður eftir 1. mars til að ná í umslag mitt. Þá var Magnús ekki við, og gjaldkerinn sagði að hann væri sjálfur með

min laun. Daginn eftir, en þá átti ég frídag, fór ég enn, og hitti þá á hann. Hann sagði mér þá að ég þyrfti ekki að mæta meir.

Ég spurði af hverju, en hann sagði ekki þurfa að gefa neina skýringu á því. Þá spurði ég hvort hann hefði verið óánægður með mína vinnu þarna. Því neitaði hann, en bætti við að hann vildi ekki hafa fólk með slíkan hugsunarhátt í vinnu hjá sér.

Ég varð nú hálf hvúmsa, því það er heldur skilt að láta reka sig frá vinnu fyrir skoðanir sínar árið 1978.

Ég fór beint niður í Lindarbæ, þar sem verkalyðsfélögin voru með kaffi báða verkfallsdagana og hitti þar Guðmund J. Guðmundsson og fleiri og ráðgæðist við þá. Þaðan fór ég til Félags starfsfólks í veitingahúsum, sem síðan hefur séð um að semja við Magnús um að hann greiði mér kaup fyrir löglegan uppsagnafrest, en það eru tvær vikur. Ég hef ekki viljað gera kröfu til þess að vera endurráðin hjá Magnúsi Björnssyni. Launin hef ég ekki fengið ennþá og ætla að láta þessar tvær vikur líða áður en ég eða félagið rúkkar hann fyrir það.

— Ætlaðu að sækja aftur um vinnu á matsölustöðum?

Eins og ég sagði áðan, gengur þetta ekki of vel. Ég mun því líklega taka hverju sem byðst, því atvinnulaus get ég ekki verið með tvö börn. —AI

Stórhættulegt

Framhald af 1

á árinu. Austurlínan er svo nauðsynlegt verkefni að algjört neyðarástand blasir við á Austurlandi á næsta vetri ef því verður ekki lokið á árinu.

Magnús lagði áherslu á að þessi óráðsia í orkuframkvæmdunum væri í fullu samræmi við feril Gunnars Thoroddsens, orkuráðherra. Hann hafi í upphafi stöðvað lagningu stofnlínu til Norðurlands þótt búið væri að kaupa allt efni og tryggja fjármagn til lagningarinnar. Í þess stað hefði hann anað út í allt öðru vísi framkvæmdir í Kröflu en ætlað hafði verið — gegn ráðleggingum Orkustofnunar — og fleygt í þær tíu miljörðum króna. Þar væri nú framleidd dýrasta orka í veröldinni.

„Og nú virðist orkuráðherra ætla að ljúka sínum ferli með því að koma í veg fyrir að ráðist verði í brýn verkefni sem hægt væri og nauðsynlegt er að ljúka á þessu ári.“, sagði Magnús Kjartansson að lokum. —ekh.

Frá Inn-Djúpi

Framhald af 13. síðu.

119% á síðasta ári bæri uppi aukinn hluta mjólkurverðs? Staðhæfingar fréttamanna Utvarps og Sjónvarps um að verið væri með þessu að breyta neysluvenjum í óheillaátt virtust gleyptar hráar úr Dagblaðinu. Það var ekki að ofyrirsýnju að tveir bændapíngmenn tóku málið fyrir utan dagskrár á Alþingi og annar ýjaði að því, hvort verið gæti að áróðurskúnstir Adólfssáluga Hitlers sem síðdegisblöðin virðast hafa tileinkað sér svo vel, væru farnar að menga ríkisfjölmíðlana.

Af því leiddi svo hinn minnisverða Kastljósspátt á Þorláksskóli. Sigrún Stefánsdóttir gneisti blátt áfram af heilagri vandlætingu yfir svo óviðurkvæmlegum áburði í garð ríkisfjölmíðlana og Gylfa tókst næstum því að vera sannfærandi í óbeitt sinni á svo óþinglegu orðbragði. Og þeir sem ekki sáu matreiðslu Sigrúnar Stefánsdóttur á undanrennuhækkuninni í sjónvarpsfréttum nokkru áður hefðu vel getað haldið að hér væri hún höfð fyrir rangri sök. En — því miður, gríman féll í leikslök er stjórnanndinn spurði þátttakendur hvort bændur og neytendur væru ósættanlegar andstæður. Og hér eftir er það tilgangslaust, Sigrún, að horfa

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

SKJALDHAMRAR
1 kvöld Uppselt.
SKALD-RÓSA.
Sunnudag. Uppselt.
Fimmtudag kl. 20.30
REFIRNIR
3. sýn. Þriðjudag kl. 20.30
Rauð kort gilda.
4. sýn. föstudag. Uppselt. Blá kort gilda.
SAUMASTOFAN
Miðvikudag kl. 20.30.
Fáar sýningar eftir.
Miðasala í Iðró kl. 14—20.30
Sími 16620.
BLESSAÐ BARNALAN
Miðnætursýning í Austurbæjarbíói í köld kl. 23.30 Miðasala í Austurbæjarbíói kl. 16—23.30.
Sími 1 13 84

sakleysislega framan í bændur og búalið, segjandi fyrir hönd Ríkisútvarps-Sjónvarps: „Hitler er ekki hér“.

Síst skal því neitað að margur vandinn stéðjar að íslenskum landbúnaði, „vinur er sá er til vammis segir“. En það þarf meira en meðaleinföldning til að trúa því, að málþipum verslunarstéttar og braskaraliðs, gangi til þjóðhollusta og umhyggja fyrir bændum, er þeir predika að leggja niður landbúnað á Íslandi.

Hann yrði líklega ekki ósmár ránsfengurinn sem kæmi í þeirra hlut ef flytja þyrfti inn flestar landbúnaðarvörur — ef þær þá fengjust.

Það er keppikefli hverri þjóð að vera sjálfri sér nóg um sem flestar lífsnaðsynjar, ekki síst þar sem aðdrættir eru svo erfiðir sem hér og gjaldeyrissóun í hverskyns óþarfa æðsta boðorðið. Hvernig var annars með „Braut handa hungurðum heimi“? Deyja ekki hundruðir þúsunda vegna vannæringar árlega? Verður ekki hungurvofan æ ófrymlegrí?

Öll rök liggja til þess, að þróttmikill og blómlegur landbúnaður haldi á að vera einn af hyrningarsteinum þjóðarinnar svo hér eftir sem hingað til. Annað mál er það, að bændur standa nú frammi fyrir þeim vanda sem skapast hefur vegna stöðugrar viðleitni þeirra til að stækka búin og auka framleiðsluna til að hafa í sig og á — enda hvattir til þess af forustusaðum stéttarinnar, — og breyttum neysluvenjum, sem að hluta stafa af áróðri fyrir hæpnum mataræðiskenningum og gert hafa umframframleiðslu mjólkur og kindakjöts að staðreynd.

En hvað varir þessi umframframleiðsla lengi? Þær byrðar sem fyrirhugað er að leggja á bændur vegna hennar og sú mikla umræða sem orðið hefur í þessusambandi, samfara því að bændum fækkar jafnt og þétt en þjóðinni fjölgar, á síðasta ári um 2050, mun líklega orsaka slíka samdráttarsveiflu að innan fárra ára verður orðinn skortur á mjólk og kjöti. Og að því ættu bændur að keppa, því líklega er það, þegar allt kemur til alls, haldbesta ráðið til að kenna mörgum þéttbýlisbúum þau gömlu en einföldu sannindi að „bóndi er bústólpi, bú er landsstólpi, því skal hann virtur vel“.

Skjaldfrönn 15.2.1978.
Indriði Adalsteinsson.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÓSKUBUSKA
1 dag kl. 15
Sunnudag kl. 15
STALÍN ER EKKI HÉR
1 kvöld kl. 20.
TYNDA TESKEIDIN
Sunnudag kl. 20
Tvær sýningar eftir.

Litla sviðið:

FRÖKEN MARGRÉT
Sunnudag kl. 20.30
Þriðjudag kl. 20.30
Miðasala 13.15—20. Sími 1-1200
GRÆNJAXLAR
á Kjarvalsstöðum
1 dag kl. 18
Sunnudag kl. 20 og 22.
Miðasala þar 2 tímum fyrir sýningu.
Síðustu sýningar á Kjarvalsstöðum.



Kópavogssleikhúsið

Hinn bráðskemmtilegi gamanleikur

Jónsen sálugi

eftir Soya

Sýning mánudag kl. 20.30.
Símar 41985 og 44115



SKIPAUTGERÐ RÍKISINS

m/s Hekla

fer frá Reykjavík þriðjudaginn 14. þ.m. vestur um land til Akureyrar og tekur vörur á eftirtöldar hafnir: Patreksfjörð, Þingeyri, Ísafjörð, Norðurfjörð, Siglufjörð og Akureyri.
Móttaka alla virka daga nema laugardag til 13. þ.m.

Ásgerður

Framhald af bls. 7.

Nanna Hertoft, sem hefur tveigis átt verk á sýningum hér heima.

Dómarar um sýninguna voru lofsamlegir, og ekki síst um myndvefnaðinn. „Land og Folk sagði t.d.: „Vefarnir tveir, Nanna Hertoft og Ásgerður Búadóttir, megna báðar að lyfta vefnaði sínum yfir einbert handverkið og skapa úr þeim myndræna list“, — og „Aktuelt“ talaði um „sterka og persónulega vefjarlist þeirra Nönnu Hertoft, Frönnku Rasmussen, og þó ekki síst Ásgerður Búadóttur“.

Sýngarskrá er mjög vönduð og upplýsandi um hina einstöku þátttakendur og með myndum af verkum þeirra allra. Margar opinberar stofnanir og listafélag keyptu verk, en listafélagið „Foreningen af 14. August“ keypti verkið „skamdegissól“ eftir Ásgerði, ofið 1977 úr ull og hrosshári.

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Fyrirhugað er að hafa upprifjunarnám-skeið sem byrjar 8. maí 1978. Ætlunin er að námskeiðið standi í 4 vikur. Mun hjúkrunarfræðingum gefast kostur á að vinna með öðrum á hinum ýmsu deildum. Jafnframt verða fyrirlestrar sem hjúkrunarfræðingar og læknar gefa. Þátttaka tilkynnist fyrir 1. maí 1978 til hjúkrunarforstjóra, sem veitir allar nánari upplýsingar í sími 19600

Landakotsspítali.



RÍKISSPÍTALARNIR

Lausar stöður

LANDSPÍTALINN

Tvær **ADSTOÐARLÆKNISSTÖÐUR** á Barnaspítala Hringins eru lausar til umsóknar, önnur frá 1. maí hin frá 1. júní n.k.

Umsóknun er greini aldur, menntun og fyrri störf, skal skilað til skrifstofu ríkisspítalanna fyrir 12. apríl n.k.

Upplýsingar veitir yfirlæknir deildarinnar í síma 29000.

Staða **ADSTOÐARLÆKNIS** við taugalækningadeild spítalans er laus til umsóknar. Staðan veitist til 6 mánaða frá og með 1. maí 1978. Umsóknun, er greini aldur, menntun og fyrri störf skal skilað til skrifstofu ríkisspítalanna fyrir 12. apríl n.k.

Upplýsingar veitir yfirlæknir deildarinnar í síma 29000.

DEILDARSJÚKRAÞJÁLFARI

óskast nú þegar á endurhæfingardeild spítalans. Upplýsingar veitir yfirsjúkraþjálfari í síma 29000 (310).

Reykjavík 12. mars 1978

SKRIFSTOFA
RÍKISSPÍTALANNA
EIRÍKSGÖTU 5,
Sími 29000

Pípulagnir

Nýlagnir, breytingar, hitaveitufengingar.
Sími 36929 (milli kl. 12 og 1 og eftir kl. 7 á kvöldin).